

**MEISTARAVERK  
TÓNLISTARINNAR Á ÍSLENSKU:  
FRUMSÖMDU TEXTARNIR**



**PEDRO HILL**

## UM ÞETTA SKJAL

Skjalið “Meistaraverk tónlistarinnar á íslensku: Frumsömdu textarnir” eftir Pedro Hill er safn af öllum íslensku textunum sem Pedro samdi fyrir dægurlögin sem voru innihaldin í tveimur myndböndum verkefnisins “Meistaraverk tónlistarinnar á íslensku”. Árið 2022 hófst þetta verkefni þegar Pedro setti lagalista þar sem hann flytur tíu vinsæl lög á íslensku inn á YouTube. Og eftir það kom út seinni hluti verkefnisins, nýr lagalisti þar sem tónlistarmaðurinn flutti tíu fleiri dægurlög á íslensku. Sum lög sem voru í verkefninu eru frá Íslandi, önnur lög eru frá öðrum löndum og fengu íslenskar útgáfur eftir Pedro. Þetta skjal geymir textana við þessar útgáfur sem Pedro gerði af heimsfrægu dægurlögunum. Verkefnið “Meistaraverk tónlistarinnar á íslensku” getur verið skoðað á YouTube með því að smella á tenglana sem fylgja með:

“Pedro Hill - Meistaraverk tónlistarinnar á íslensku”:

<https://www.youtube.com/watch?v=bqvjNfa6sXI&t=1790s>

“Pedro Hill - Meistaraverk tónlistarinnar á íslensku 2. hluti”:

<https://www.youtube.com/watch?v=pYNRdzbNL0w&t=8s>

**FRUMSÖMDU ÍSLENSKU TEXTARNIR**

**MEISTARAVERK TÓNLISTARINNAR Á ÍSLENSKU**

## Við árnar í Babýlon (Rivers of Babylon)

Upprunalegu höfundarnir: Brent Dowe, Trevor McNaughton, Frank Farian, Reyam

Athugið: lagatextinn er innblásinn af Sálmunum 137:1-4 og Sálmunum 19:15 í Biblíunni.

Texti:

Við árnar í Babýlon

Vér sátum þar

Og já, vér grétum er vér minntumst Síonar

Við árnar í Babýlon

Vér sátum þar

Og já, vér grétum er vér minntumst Síonar

Þar heimtuðu kúgarar vorir söngljóð og kæti

Hvernig gætum vér sungið Drottins ljóð í framandi landi?

Þar heimtuðu kúgarar vorir söngljóð og kæti

Hvernig gætum vér sungið Drottins ljóð í framandi landi?

Mættu orð mín vera þér þóknanleg

Og hugsanir hjarta míns koma fram fyrir þig

Mættu orð mín vera þér þóknanleg

Og hugsanir hjarta míns koma fram fyrir þig

Við árnar í Babýlon

Vér sátum þar

Og já, vér grétum er vér minntumst Síonar

Við árnar í Babýlon

Vér sátum þar

Og já, vér grétum er vér minntumst Síonar

# Að berja að himins dyrum (Knockin' On Heaven's Door)

Upprunalegi höfundurinn: Bob Dylan

Texti:

Mamma, taktu þetta merki frá mér

Ég get ekki notað það lengur

Það er allt, allt of dimmt til að sjá

Ég finn fyrir að berja að himins dyrum

Ber-ber-berja að himins dyrum

Ber-ber-berja að himins dyrum

Ber-ber-berja að himins dyrum

Ber-ber-berja að himins dyrum

Mamma, láttu byssur mínar á gólfið

Ég get ekki skotið lengur með þær

Stóra svarta skýið kemur niður

Ég finn fyrir að berja að himins dyrum

Ber-ber-berja ađ himins dyrum

Ber-ber-berja ađ himins dyrum

Ber-ber-berja ađ himins dyrum

Ber-ber-berja ađ himins dyrum



# Allir elska þann sem elskar (Everybody Loves A Lover)

Upprunalegu höfundarnir: Robert Allen, Richard Adler

Texti:

Allir elska þann sem elskar

Ég elska alla og allir elska mig, já

Og mér líður svo svo vel

Ég er svo glaður, mér líður eins og kátt barn, já

Engar áhyggjur hef ég á leið

Allir elska mig, það er satt

Því að ég elska alla

Síðan ég byrjaði að elska þig

Hver er glaðasti maðurinn í heimi? Þetta er ég

Gleðin skín bjart í mér, ástin logar ákaft

Það má segja að ég skemmti mér svo mikið núna

Já, núna getið þið kallað mig káta barnið

Engar áhyggjur hef ég á leið  
Allir elska mig, það er satt  
Því að ég elska alla  
Síðan ég byrjaði að elska þig

Hver er glaðasti maðurinn í heimi? Þetta er ég  
Gleðin skín bjart í mér, ástin logar ákaft  
Það má segja að ég skemmti mér svo mikið núna  
Já, núna getið þið kallað mig káta barnið

Engar áhyggjur hef ég á leið  
Allir elska mig, það er satt  
Því að ég elska alla  
Síðan ég byrjaði að elska þig

# FRUMSÖMDU ÍSLENSKU TEXTARNIR

MEISTARAVERK TÓNLISTARINNAR Á ÍSLENSKU 2. HLUTI

# Heimsins meistarar erum við (We Are the Champions)

Upprunalegi höfundurinn: Freddie Mercury

Texti:

Það var löng braut

Sem fylgdum við

Það var löng barátta

Sem við vorum í

En sigur við unnum

Svo erum við hér

Að fagna og gleðjast

Því við höfðum kjarkinn

Til enda, já

Heimsins meistarar erum við

Og við skulum aldrei gefast upp

Heimsins meistarar, heimsins meistarar

Enginn tapari hér

Því heimsins meistarar erum við

Það var víst löng saga

Með nokkrum erfiðleikum

En það skiptir ekki miklu

Því við erum hér

Að fagna og gleðjast

Yfir ljúfum sigri

Já, sigri hrósandi erum við öll í veislunni

Heimsins meistarar erum við

Og við skulum aldrei gefast upp

Heimsins meistarar, heimsins meistarar

Enginn tapari hér

Því heimsins meistarar...

## Dirlanda (eða “Dirlada”)

Upprunalegi höfundurinn: grískt þjóðlag

Texti:

Ég lífi mínu segi frá

Sjómaður einfaldur er ég

Og vinnan mín er einföld, já

Ég sigli og sel svampa, já

En fátt fólk hér í Grikklandi

Vill endilega kaupa þá

En einn dag skal ég heppnast vel

Sjómaður númer eitt verð ég

Svo syng ég: dirla-dirla-da

Og ég syng: dirla-dirla-di

Darla-dirla-darla-di

Ég syng þá: dirla-dirla-da

Ég syng hér: darla-dirla-di

Ég syng þar: darla-dirla-da

Darla-dirla-dirla-da

Ég syng nú: dirla-dirla-da

Ég geng í kringum Volos-borg

Í kringum Grikkland allt líka

Og reyni að selja svampa mína

En enginn virðist nenna að kaupa

En ég er alltaf þrautseigur

Eins og ekta sjómaður

Og þegar margir nenna að kaupa

Þá verð ég glaður alla leið

Og svo syng: dirla-dirla-da

Og ég syng: dirla-dirla-di

Darla-dirla-darla-di

Ég syng þá: dirla-dirla-da

Ég syng hér: darla-dirla-di

Ég syng þar: darla-dirla-da

Darla-dirla-dirla-da

Ég syng nú: dirla-dirla-da

Svo syng ég: dirla-dirla-da

Og ég syng: dirla-dirla-di

Darla-dirla-darla-di

Ég syng þá: dirla-dirla-da

Ég syng hér: darla-dirla-di

Ég syng þar: darla-dirla-da

Darla-dirla-dirla-da

Ég syng nú: dirla-dirla-da



## Músíkin (La Mia Musica)

Upprunalegu höfundarnir: Toto Cutugno, Pierre Delanoë, Michel Sardou

Texti:

Um tónlist má ég segja það

Að hún er kraftmikil, það er víst

Hún getur verið frábær skemmtun

Hún getur hjálpað okkur, já

Hún getur verið okkur lyf

Hún getur bætt allt innan skamms

Já, maðurinn lifir ei án hennar

Og hún er ekki til án mannsins

Já, fyrstu listina við gerum

Og þannig verður ætíð, já

Við semjum lag og óperettu

Við semjum forleikinn og aríu

Við hættum aldrei þessu, þá

Hún gefur dansi merkingu  
Við höfum alltaf hana átt  
Við áttum bara að byrja að syngja  
Til að uppgötva hana, já  
Þú veist hver hún er

Músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

Músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

Við gerum það frá upphafinu

Já, í forsögu sungum við

Fyrir náttúruna í kring

Og líka fyrir hvor annan

Og svo leið tíminn alla leið

Og voru hljóðfærin byggð, þá

Já, flygillinn og básúnan

Og trompetinn og gítarinn

Og svona er gerð...

...músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

Músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

Já, tónlist fylgir alltaf okkur

Já, hvert sem förum við í heimi

Hún er í hverju húsi í bænum

Hún er í hverjum bæ í heimi

Já, okkar vinkona hún er

Hún yfirgefur aldrei okkur

Með henni gerast góðar veislur

Með henni gerast góðar stundir

Já, þetta er hún

Músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

Músíkin

Dó, re, mí, re, dó, sí, la, sol

Melódían

Sem gleður okkur á ýmsan hátt

# Ég ímynda mér (Imagine)

Upprunalegi höfundurinn: John Lennon

Texti:

Ég ímynda mér ekkert himnaríki

Það er auðvelt fyrir mig

Ekkert helvíti niður

Og ofan bara himinn

Ég ímynda mér allt fólkið

Að lifa í fullkomnum friði

Já, já

Ég ímynda mér engin ríki

Ekkert morð, ekkert fráfall

En ein skilgreining yfir ást

Sem gerir okkur svo saman

Ég ímynda mér allt fólkið

Að lifa í fullkominni sátt

Já, já

Þú telur kannski mig vera æran

En ég er ekki aleinn

Ég vona að einn dag sértu með í markmiðinu

Að ná friði loksins

Ég ímynda mér enga eign

Geturðu ímyndað þér það?

Engin græðgi í manni

En bara gæska í hjarta

Ég ímynda mér allt fólkið

Að deila jörðinni

Já, já

Þú telur kannski mig vera æran

En ég er ekki aleinn

Ég vona að einn dag sértu með í markmiðinu

Að ná friði loksins

## Skipunarleikurinn (Gioca Jouer)

Upprunalegu höfundarnir: Claudio Simonetti,

Claudio Cecchetto

Texti:

Einn, tveir, einn, tveir, þrír, fjórir

Komið þið öll með mér! Við leikum okkur í dag, í þessum frábæra leik sem heitir "Skipunarleikurinn". Já, ég segi ykkur eitthvað til að gera og þið gerið það. Byrjum núna, eruð þið tilbúin?

Sofa, vakna, hoppa, ganga, ganga í staðnum, sveifla höndunum, taka spor, hrista, sveifla öllum líkama, vinstri og hægri, hergöngulag, til baka núna, allt í fína, allt í fína, heilsa, heilsa, Súpermann!

Það var mjög skemmtilegt, var það ekki? Eruð þið tilbúin til að leika þennan leik einu sinni enn? Einu sinni enn, á sama hraða og áður? Byrjum núna.

Sofa, vakna, hoppa, ganga, ganga í staðnum, sveifla höndunum, taka spor, hrista, sveifla öllum líkama, vinstri og hægri, hergöngulag, til baka núna, allt í fína, allt í fína, heilsa, heilsa, Súpermann!



Já, mjög gaman að leika þennan leik með ykkur, og þessi leikur er mjög einfaldur, já. En núna leikum þennan leik svolítið hraðara, já, svolítið hraðara núna. Og við endurtökum nokkrar skipanir, já. Eruð þið tilbúin? Eruð þið tilbúin? Byrjum núna.

Sofa, vakna, hoppa, ganga, ganga í staðnum, sveifla höndunum, taka spor, taka spor, hrista, hrista, sveifla öllum líkama, sveifla öllum líkama, vinstri og hægri, hergöngulag, til baka núna, allt í fína, allt í fína, heilsa, heilsa, heilsa, heilsa, Súpermann!

Alright!